



Garðabær, 17. desember 2019

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Erindi: Ósk um formlegt samstarf fjölskylduráðs Hafnarfjarðar og Heilabrota – endurhæfingarseturs

Heilabrot – endurhæfingarsetur er nýstofnað góðgerðarfélag sem sér um Atferlistengda taugaendurhæfingu fyrir fólk með hegðunarvanda eftir framheilaskaða. Setrið er í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Westpark Health Care Centre í Toronto. Fagráð setursins vinnur einnig í nánu samstarfi við heilaskaðateymi Reykjalundar og Grensásdeildar – Landspítala (nánari lýsing á starfsemi og þjónustunni er að finna í meðfylgjandi skjali).

Heilabrot – endurhæfingarsetur óskar eftir formlegu samstarfi við fjölskylduráð Hafnarfjarðar, sem felur í sér að Heilabrot – enduræfingarsetur sér um Atferlistengda taugaendurhæfingu fyrir fólk með hegðunarvanda eftir heilaskaða, sem búsett er í Hafnarfirði og Hafnarfjörður greiðir fyrir endurhæfinguna á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Virðingarfyllt
Fanney Þórsdóttir
talsmaður Heilabrota - endurhæfingarseturs